



Páll Ólafsson,
félagsráðgjafi, framkvæmdastjóri farsældarsviðs
hjá Barna- og fjölskyldustofu

„Við verðum að gera þetta saman“

Innleiðing farsældarlaga og Signs of Safety markar mikilvæga stefnubreytingu í þjónustu við börn og fjölskyldur. Páll Ólafsson, framkvæmdastjóri farsældarsviðs hjá Barna- og fjölskyldustofa, segir að árangur ráðist af því að gripið sé fyrr inn í, unnið sé með tengslanetið og að ábyrgðin sé sameiginleg.

TÍMAMÓT Í ÞJÓNUSTU VIÐ BÖRN

Barnavernd og félagsþjónusta á Íslandi standa að mati Páls á tímamótum. Fjölgun tilkynninga, aukin vanlíðan barna og flóknari mál kalli á nýja nálgun.

„Við sjáum fleiri börn sem glíma við vanrækslu, ofbeldi eða mikla ábyrgð heima fyrir. Við sjáum líka fleiri börn sem detta út úr skóla. Þetta kallar á að við komum fyrr að málum og vinnum þau markvissar,“ segir Páll.

FARSÆLDARLÖGIN – RAMMI UM SNEMMTÆKA ÍHLUTUN

Farsældarlögin, sem tóku gildi 1. janúar 2022, eru grunnur að þessari breytingu. Þau leggja áherslu á samfellda, snemmtæka og samræmda þjónustu þar sem kerfi vinna saman í þágu barnsins.

„Lögin skapa ramma sem hjálpar okkur að kalla fyrr saman þá sem skipta

máli í lífi barnsins og vinna á skipulagðari hátt með stuðningsteymum og stuðningsáætlunum,“ segir Páll. „Í framkvæmd þýðir þetta að skóli, heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta vinni saman í kringum barnið í stað þess að hvert kerfi starfi eitt og sér.“

SIGNS OF SAFETY – SKÝRT VERKLAG

Signs of Safety er faglegt verklag í barnavernd sem þróað var í Ástralíu á árunum 1994–1999 og hefur á síðustu árum verið innleitt markvisst á Íslandi. Aðferðin leggur áherslu á öryggi barnsins, styrkleika fjölskyldunnar og virka þátttöku þeirra sem málið varðar.

„Við viljum finna lausnir með fjölskyldunni, ekki bara fyrir hana,“ segir Páll. „Börn og foreldrar eru sérfræðingar í sínu eigin lífi. Okkar hlutverk er að styðja þau og skapa öryggi. Aðferðin felur jafnframt í sér skýra greiningu á áhættu og verndandi þáttum og að áætlanir séu skiljanlegar og raunhæfar fyrir alla sem koma að málinu.“

TENGL SEM LYKILL

Í bæði farsældarlögunum og Signs of Safety er tengslum gefið lykilhlutverk.

„Þetta snýst ekki bara um tengsl barns og foreldra heldur líka tengsl milli fagfólks og fjölskyldna og milli kerfa. Ef þessi tengsl virka ekki, þá virkar þjónustan ekki,“ segir Páll. „Lausnir sem verða til í nærumhverfi barnsins eru líklegri til að halda til lengri tíma.“

ÁLAGIÐ STÆRSTA ÁSKORUNIN

Páll bendir á að ekki sé hægt að ræða umbætur án þess að horfa á stöðu starfsfólks.

„Það gengur ekki að starfsfólk í barnavernd sé með 40–50 mál þegar viðmið á Norðurlöndum eru 12–20. Afleiðingarnar eru kulnun, samúðarþreyta og starfsmannavelta.“

Hann segir þetta hafa bein áhrif á gæði þjónustunnar og getu fagfólks til að byggja upp þau tengsl sem aðferðafræðin byggist á.

SAMEIGINLEG ÁBYRGÐ

Að lokum leggur Páll áherslu á að raunverulegar umbætur krefjast samvinnu.

„Þetta má ekki verða við-og-þið-umræða. Við verðum að gera þetta saman, ræða álag, forgangs röðun og ábyrgð.“

Hlusta má á ítarlegri útgáfu viðtalsins við Pál í hlaðvarpi FÍ

